

um skipun rannsóknarnefndar til könnunar á högum fanga.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sjö manna rannsóknarnefnd, sem kanna skal ástand og aðbúnað fanga á Íslandi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur á því sviði. Í nefndina skal skipa: sálfræðing, lögfræðing, lækni, fulltrúa fanga, fulltrúa fangavarða, fulltrúa dómsmálaráðuneytisins og fulltrúa frá samtökunum Vernd.

Greinargerð.

Þegar horft er upp eftir Skólavörðustígnum í Reykjavík, blasir við kirkja sú, sem hæst gnæfir allra húsa á Íslandi, glæsilegur vitnisburður um stórhug þjóðar, sem gerir miklar kröfur í húsnæðismálum, ekki aðeins handa sjálfri sér, heldur einnig handa þeim guði, sem hún dýrkar — lögum samkvæmt að minnsta kosti. Hús þetta hið mikla heyrir undir eitt af æðstu embættum þjóðarinnar, kirkjumálaráðuneytið. Neðanvert við Skólavörðustíginn stendur hús, sem einnig heyrir undir eitt af æðstu embættum þjóðarinnar, dómsmálaráðuneytið. Bæði þessi ráðuneyti hafa um langt skeið verið í umsjá einnar og sömu persónu. Þó vitnar hið síðarnefnda húsið um allt aðrar og hóflegri kröfur í húsnæðismálum heldur en hið fyrrnefnda. Ef segja má, að fyrrnefnda húsið beri vott um það, hve mikils þjóðin metur þann guð, sem hún dýrkar, guð réttlætis og kærleika, þá má einnig segja, að hið síðarnefnda húsið beri þess vott, að honum hafi ekki tekizt sem skyldi að kenna dýrkendum sínum þær fornu dyggðir. Og þetta er þeim mun undarlegra, þar sem lengi hefur verið innangengt, eins og fyrr segir, milli kirkju- og dómsmálaráðuneytis.

Flutningsmaður þessarar tillögu heimsótti dag einn í síðustu viku Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Hann skoðaði þar húsakynni og ræddi við fangaverði og fanga, frjálsa menn og ófrjálsa.

Flutningsmaður þykist geta fullyrt, að fangaverðirnir í Hegningarhúsinu séu yfirleitt sómamenn. En þeir neyðast til að rækja störf sín við aðstæður, sem engum sómamönnum eru bjóðandi. Það ríkir ófremdarástand í þessu húsi. Það ástand er ekki fangavörðunum að kenna, heldur því þjóðfélagi, sem státar af stórbyggingum eins og Hallgrímskirkju — með tilheyrandi guðsótta og góðum siðum.

Aður en lengra er haldið, skal á það minnt, að núverandi dómsmálaráðherra hefur aðeins um nokkurra vikna skeið gegnt embættinu. Ódæmi þau, mörg og margvísleg, sem koma munu fram í þessari greinargerð, verða því ekki nema að nokkru leyti skrifuð á reikning þessa ráðherra persónulega. Þetta er mestan part syndaregistor fyrirrennara ráðherrans. Og skylt er að geta þess, að núverandi dómsmálaráðherra lét það verða eitt sitt fyrsta verk í embættinu að heimsækja Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Það eitt nægði til að vekja vonir um, að nú færi að rofa til í fangelsismálum. Og hvort sem svo reynist eða ekki, þá er hitt víst, að liðið var talsvert á annan tug ára frá því dómsmálaráðherra hafði síðast sézt í því húsi.

Hegningarhúsið verður aldargamalt eftir fjögur ár. Fangaklefnir og gangarnir á milli þeirra virðast hafa verið gerðir eftir byggingafræðilegum fyrirmyndum, sem rekja mætti langt aftur í aldir, jafnvel alla leið niður í kastalakjallara miðalda. Steinveggirnir eru þó ekki berir, það er á þeim grámáluð kalkpússning. Loftræsting mun litlum framförum hafa tekið síðan í öndverðu, þ. e. fyrir 96 árum. Gluggar sjá þó fyrir sæmilega góðu lofti. Og að einu leyti hafa seinni tíma hífylapægindi þrengt sér inn fyrir þessa gömlu, þykku vegg: það er miðstöðvarofn í hverjum klefa. Sennilega þurfa fangarnir ekki að kvarta um kulda.

Nóg munu samt vera umkvörtunarefnin. Veggirnir, til að mynda, standa þessum mönnum óhagganlegir á fjóra vegu, og bilið ekki ýkjalangt á milli þeirra. Klefarnir

eru 12 og ætlaðir 1—5 fögum hver. Fangarnir eru nú 27 talsins. Gæzlufangar svonefndir, menn sem eiga mál í rannsókn, húa við mesta einangrun og eru geymdir í einmenningsklefum. Gólflöturinn í þessum klefum, og þar með sá partur af veröldinni, sem viðkomandi fögum leyfist afnot af, er um 8 fermetrar. Þeir fá ekki að hlusta á útvarp og þaðan af síður að horfa á sjónvarp, og gildir þetta raunar einnig um alla hina fangana í húsinu. En hinir fangarnir fá þó að lesa dagblöð og ræða við vini og ættingja, sem vilja koma til þeirra í heimsóknartíma kl. 4—5 á laugardögum. Hvort tveggja þetta er gæzlufögum meinað. Einangrun þeirra skal vera algjör. Þeir eiga ekki að fá neina vitneskju um það, sem í umheiminum gerist. Þess vegna gæti til dæmis turninn á Hallgrímskirkju hrúnið til grunna, án þess þeir vissu nokkuð um það, nema ef vera skyldi að niður í klefana til þeirra bærust einhverjir dynkir ofan af Skólavörðuhæð. Menn hafa orðið að húa við þessa einangrun langtímum saman, jafnvel fast að einu ári. Flutningsmaður hefur rætt við slíka menn og fengið þá til að lýsa sálarástandi sínu eftir þessa reynslu. Flutningsmaður treystir sér ekki til að skila þeim lýsingum á prent.

Aðrir fangar í húsinu flokkast í refsifanga og varðhaldsfanga. Meðal þeirra rakst flutningsmaður á kunningja sinn, ungan mann, sem hafði verið þarna tæpa tvo mánuði. Hann var geymdur í svonefndum sjúkraklefa, sem var þó í fáu eða engu frábrugðinn öðrum klefum hússins. Maðurinn þjáðist af magasári svo alvarlegu, að sérfróður læknir, sem til hafði verið kvaddur, var búinn að senda viðkomandi yfirvöldum vottorð þess efnis, að maginn í honum gæti þá og þegar sprungið. Þetta olli fangavörðunum að sjálfsögðu miklum áhyggjum, og þeir höfðu ásamt læknum gert itrekaða tilraun til að koma mannum á spítala. En spítalarými er takmarkað á Íslandi, svo sem kunnugt er, jafnvel fyrir utantugthúsmenn, hvað þá fyrir innan-tugthúsmenn. Spítalarnir neituðu að taka við mannum fyrir en í fyrsta lagi þá og þá og þá o. s. frv. Nú eru það hins vegar lög á Íslandi, að ekki má geyma svo sjúkan mann í fangelsi, og til þessara laga vitnaði maðurinn og krafðist þess að verða látinn laus, jafnvel þó hann kæmist ekki á spítala. Fangavörðunum og þeim fulltrúum refsivaldsins, sem þeir hafa helzt samráð við, var um og ó, því að þeir vissu, að maðurinn átti sér engan öruggan samastað, þegar út kæmi, og mundi þá ef til vill njóta minni umönnunar heldur en þó í fangelsinu. Þá gerði maðurinn hungurverkfall. Og þannig stóðu málin, þegar flutningsmaður hitti hann. Þegar hann hafði hvorki neytt matar né drykkjar í 30 klukkustundir, var hann látinn laus. Læknirinn taldi það allmikla bót í máli, að þannig yrði létt á honum þeirri taugastreitu, sem fylgdi fangelsisvistinni og aukið hafði stórlega á sjúkdóm mannsins. Og eitt hefur þó fengizt tryggt með þessum málalokum, að ef svo fer á næstunni, þrátt fyrir allt, að maginn í manni þessum springur, þá springur hann að minnsta kosti ekki innan hinna þykku veggja í Hegningarhúsi ríkisins.

Af því að hér hefur verið rætt um mataræði, mundi kannski einhver vilja spyrja, hvort hann hafi ekki fengið sjúkræði, þessi sjúki maður, og þá um leið, hvernig þarna sé búið að fögum í mataræði.

Því er til að svara, að maður þessi fékk ekki neitt sjúkræði umfram það, sem matargerðarlist fangavarðanna leyfði. Já, matargerðarlist fangavarðanna. Þeir sjá sjálfir um alla matargerð handa fögnum. Þeim hefur aldrei verið séð fyrir neinni aðstoð á því sviði. Og þegar flutningsmaður tillögunnar spurði um kunnáttu þeirra til þessara verka, þá sögðust þeir því miður ekki geta hrósað sér af meiri matargerðarlist en þeirri, sem hver maður lærði af sinni eiginkonu.

Refsi- og varðhaldsfangar í Hegningarhúsinu fá, eins og fyrr segir, að lesa blöðin og ræða við vini og ættingja í heimsóknartímum vikulega. Sú var líka tíðin, að þeir fengu notið þeirrar hressingar að ganga undir eftirliti fangavarðanna út í garð Hegningarhússins að viðra sig og teygja útiloftið. En svo var það, að upp rann mikill frelsis- og framfaratími í húsnæðismálum bankastofnana. Ein slík stofnun reisti sér hátt hús og veglegt rétt við vegginn á fangelsisgarðinum. Það var fyrir

fjórur árum. Og nú brá svo við, að þegar fangarnir notfærðu sér þann agnarskerf af frelsi, sem fylgdi því að komast öðru hverju undir bert loft þar úti í garðinum, fylltust allir gluggar í hinu veglega bankahúsi af forvitnum áhorfendum. Sumir höfðu uppi ljósmyndavélar. Fangarnir notfærðu sér sjaldnar og sjaldnar þau fríðindi að fara út í garðinn. Nú eru þeir með öllu hættir því. Þeir segjast ekki kæra sig um að halda á sér sýningu. Svona getur aukið frelsi á einu sviði orðið til að skerða frelsið á öðru sviði.

Hegningarhúsið við Skólavörðustíg á að heita bráðabirgðadvalarstaður sakamanna — þó að raunin verði oft önnur, eins og fyrr segir. Það er annar staður, sem fyrst og fremst er ætlaður þessum mönnum til afplánunar: Litla-Hraun. Flutningsmaður heimsótti einnig þann stað í síðustu viku, ræddi við fangaverði og fanga, frjálsa menn og ófrjálsa.

Hjá síðuðum þjóðum eins og þeim, sem næstar okkur húa og eru okkur „skyldastar að menningu og þjóðfélagsháttum“, eins og þetta heitir stundum á spakra manna máli, hefur það lengi verið talið sjálfsgengt, að þeir, sem ábyrgð bera á gæzlu sakamanna, hafi numið ýmis fræði, sem þessi mál varða, og stendur náms- og reynslutími jafnvel árum saman, áður en viðkomandi er talinn hæfur til slíkra starfa. Hér á Íslandi virðist hins vegar engin regla gilda í þessu efni, eða að minnsta kosti aðrar reglur en þær, sem nú voru nefndar. Sú reynsla, sem núverandi forstjóri á Litla-Hrauni hafði öðlzt í mannaforráðum, áður en honum var falið þetta starf fyrir 5 árum, var í stuttu máli sú, að hann hafði stjórnað fólki við fiskverkun. Og áður en yfirfangavörðurinn varð yfirfangavörður, hafði hann verið fiskmatsmaður.

Þetta er ekki sagt hér mönnum þessum til hnjóðs. Um þetta er ekki við þá að sakast. Dæmið um þá er hér dregið fram einvörðungu vegna þess, að það er eitt af mörgum dæmum, sem óhjákvæmilegt er að hafa hliðsjón af, þegar metið er ástand fangelsismála á Íslandi. Og óhjákvæmilega hlýtur þá einnig að verða spurt, hvers vegna einmitt þessir menn hafa verið valdir til þessara ábyrgðarmiklu starfa. Samkvæmt þeirri gamansemi, dálítið kaldranalegri, sem ríkir í hópi fanganna þar eystra, eru raunar til á þessu ýmsar skýringar og þar á meðal þessi: Læsingar á klefahurðum á Litla-Hrauni eru mjög svipaðar læsingum á hurðum fyrir frystiklefum í fiskverkunarhúsum.

Fangahúsið á Litla-Hrauni er rúmlega 40 ára gamalt. Breytingar á því eða endurbætur hafa litlar orðið frá upphafi. En nú er unnið að viðbótarbyggingu, sem rúma mun álíka marga fanga og gamla húsið, og að sjálfsgöngu verður það að mörgu leyti nútímalegra. En þessi ráðstöfun horfir þó síður en svo til neinnar viðunandi lausnar á fangelsismálum þjóðarinnar, og það hefur í einu orði sagt verið hlálegt að heyra, þegar viðkomandi yfirvöld hafa hrósað sér af henni. En út í þá sálma verður þó ekki farið að þessu sinni.

Í gamla fangahúsinu eru 29 klefar og einn fangi í hverjum klefa. Þeir eru læstir inni í klefum sínum á nóttunni, en að deginum eru þeir að jafnaði frjálsir ferða sinna um húsið. Með klefunum og göngum og svonefndri „setustofu“, sem er ekki annað en klefi í stærra lagi, og litlum matsal í kjallaranum er upptalin öll sú húsnæðis- aðstaða, sem föngunum veitist til að drepa tímann í. Á daginn fá þeir líka að fara út til vinnu, en sú vinna er tilviljunarkennd og oft tilgangslítill að dómi fanganna, og yfirleitt kvarta þeir mikið um skort á skynsamlegum og uppbyggilegum verkefnum. En samkvæmt reglugerð er þeim uppálögð 6 klukkustunda vinnuskylda á dag. Þeir fá greitt kaup fyrir eina — aðeins eina — af þessum 6 klukkustundum. Þetta kalla þeir þrælald og skýlaust brot á tilteknu ákvæði í mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna. Mun það raunar ekki fjarri sanni.

Stundum neita fangar að vinna. Þá er þeim refsað með „innilokun“. Þeir fá ekki að fara út úr klefum sínum svo og svo lengi. Hve lengi? Hvaða reglur gilda um þessar refsingar? Flutningsmaður spurði forstjóran um þetta. Engar nákvæmar reglur — þannig séð. Forstjóri tekur upp á eigin spýtur ákvarðanir um þessar

refsingar. Kveðst þó að sjálfsögðu hafa samráð við fangaverði. Innlokun er einnig beitt sem refsingu fyrir önnur „minniháttar afbrot“. Minniháttar afbrot? Reglur um refsingar fyrir þau? Engar ákveðnar reglur. Eru þá ekki til einhver „meiriháttar afbrot“? Jú. Reglur um þau og refsingar við þeim? Engar fastákveðnar — strangt til tekið. En það telst til að mynda „meiriháttar afbrot“, ef fangi smyglar eiturlyfjum inn í stofnunina, líka ef fangi sparkar í fangavörð eða slær hann. Og fyrir slík afbrot fær fanginn „selluna“, eins og það er kallað þarna fyrir austan. Hve lengi? Enn engar ákveðnar reglur. Dómsvald og refsivald allt í höndum forstjóra.

„Sellan“ er í kjallara hússins. Þó að orðið sé notað í eintölu, tekur merking þess til þriggja klefa. Hver þessara klefa er tæpir tveir metrar á breidd og rúmlega tveir á lengd. Hér eru ekki aðeins veggirnir úr steinsteypu, heldur einnig svefnbálkur sá, sem fanginn hefur til afnota. Hann er harður eins og klöpp, þó að reyndar sé á honum dýna, og svo fær fanginn líka tvö brekán að breiða ofan á sig. Einnig er þarna ofurlítið sæti steipt við vegginn á innri enda klefans, eins og sylla í kletti. Lítil gluggi hefur þarna fyrrum verið uppi undir lofti, en fyrir honum er stálplata. Umbúnaður þeirrar plötu bendir til þess, að járnsmiðurinn hafi verið fenginn úr einhverri skipasmíðastöð, þar sem hver plata er svo rækilega rafsoðin, skrufuð og boltuð, að ekki á að vera nein hætta á, að undan láti í stórsjóum hafsins.

Flutningsmaður fór inn í einn þessara klefa og það fangavörðinn um að loka dyrunum. Það er ljósapera í gróp í veggnum yfir dyrunum og járngrind fyrir. Birtan frá þessari peru er ekki meiri en svo, að sá, sem vildi lesa eitthvað þarna inni, þyrfti helst að standa upp á endann og bera bókina upp að ljósinu. Smávaxinn maður mundi að líkindum þurfa að stíga upp á svefnbálkinn í þessum tilgangi. Kannski má þó segja, að þetta skipti ekki miklu máli; fangar eru ekki settir í sellu, til þess að þeir sökkvi sér niður í lestur. Í fáum orðum sagt: þeir fá ekkert að lesa, hvorki bækur né annað. Jú, sumir fá Biblíuna.

Þess eru dæmi, að menn hafa verið í sellu langtímum saman. Flutningsmaður ræddi við mann, sem eitt sinn var þar samfleytt í tvo mánuði. Um líðan sína eftir þá reynslu sagði hann aðeins þetta: „Ég var auðvitað farinn í kerfi.“ Að fara „í kerfi“ — það merkir á fangamáli að bila gersamlega á taugum.

Það er nokkuð umliðið síðan þetta gerðist. Flutningsmanni er ánægja að geta upplýst það, að síðan núverandi forstjóri tók við starfinu, hefur enginn maður verið lengur en 10 daga samfleytt í sellu og þessari refsingu hefur verið beitt æ sjaldnar á síðustu árum. Forstjóra og fangavörðum og raunar föngunum líka ber saman um, að heimilisbragur hafi farið batnandi og þar með dregið úr afbrotum, bæði „minniháttar“ og „meiriháttar“.

Það, sem fyrst og fremst olli þessari breytingu, var aukið frjálsræði. Áður fyrr voru fangarnir læstir inni í klefum sínum kl. 9 á kvöldin. Þegar núverandi forstjóri tók við, losaði hann um þessi ákvæði, og síðan hafa fangarnir ekki verið læstir inni fyrr en undir miðnættið, eða kl. 11.45. Og þegar sjónvarpstæki kom í matsalinn til afþreyingar fyrir fangana á kvöldin, batnaði ástandið enn til stórra muna.

En úr því aukið frjálsræði hefur bersýnilega haft svona holl áhrif, af hverju er þá ekki með öllu hætt að heita þessari viðbjóðslegu refsingu, sem kennd er við selluna? Sellan verður að vera, segir forstjórinn, því að af henni sprettur nauðsynlegt ögunarvald. Nokkuð virðist þetta þversagnakennt. Og enn þversagnakenndara verður þetta, þegar ofan á bætist sú fullyrðing forstjórans, að þegar fangi verði gripinn æði, sé ekki óhætt að geyma hann í klefa sínum, hann gæti þar farið sér að voða, jafnvel stytta sér aldur (hættulegir hlutir, sem helst eru nefndir í þessu sambandi: gluggarúður, rakblöð og rafmagnssnúgur), andlegt ástand mannsins krefst þess, að honum sé komið fyrir á „hættulausum stað“, og sá „hættulausi staður“ er „sellan“.

Að sjálfsögðu blöskrar manni að heyra þetta. Ósanngjarnt væri þó að láta þá blöskrun alla bitna á forstjóranum. Það eru aðrir aðilar honum æðri, sem með sinnu-

leysi sínu gera honum nauðugan þann kostinn að nota selluna, í sérstökum og mjög alvarlegum tilfellum, sem sjúkrastofu.

Áður hefur verið nefnt dæmi um þá læknisfræðilegu umönnun, sem þjóðfélagið veitir föngum í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Sú umönnun er af álíka mikilli rausn í té látin við fangana á Litla-Hrauni. Að visu á svo að heita, að báðir þessir staðir hafi sinn sérstaka lækni, en stopular munu þeirra heimsóknir, og hvorugur þeirra hefur sérhæft sig á því sviði, sem veikindi þessara manna snerta fyrst og fremst: sviði tauga- og geðsjúkdóma. Læknir Litla-Hrauns mun hafa sérhæft sig í lungnasjúkdómum. Læknir Hegningarhússins við Skólavörðustíg er sérfræðingur í nuddi. Þegar aðrir læknar eru til kvaddir að hjálpa föngunum, taugalæknar til að mynda, fá þeir litlu sem engu áorkað. Af hálfu hins opinbera eiga þeir yfirleitt sams konar skilningsleysi að mæta eins og læknir sá, sem hafði með að gera magasjúklinginn í Hegningarhúsinu. Dæmi um þetta eru óteljandi. Föngunum er jafnvel meinað um smávægilegustu lækningar, til dæmis tannviðgerðir. Á því sviði stendur þeim til boða sú ein tegund lækningar að láta draga úr sér tennurnar. Margur maðurinn, sem hefur orðið að sæta langri fangelsisvist, kemur af þessum sökum tannlaus út í lífið aftur. Flutningsmaður hefur undir höndum skriflega beiðni um tannviðgerðir, sem fangi einn sendi ráðuneytinu fyrir nokkru. Hann rökstyður beiðni sína af kurteisi og leyfir sér meðal annars að vitna til þess, að hann hafi ekki framið afbrót sitt með tönnunum. Þessari beiðni hefur ekki verið svarað, og henni verður, ef að líkum lætur, aldrei svarað.

Ef að líkum lætur, — það virðist næstum að segja ófrávikjanleg regla hjá yfirvöldunum að hunza með öllu umkvartanir þessara manna. Þeir skrifa og skrifa, en fá sjaldan sem aldrei svar. Þeir í ráðuneytunum eru víst orðnir voðalega þreyttir á þessum sífelldu bréfaskriftum, — og kannski ekki alveg að ástæðulausu. En þar í mót verður því ekki neitað, að fangar á Íslandi hafa óeðlilega margar ástæður til slíkra skrifta og óeðlilega mikinn tíma til að stunda þær. Þess ber að geta, sem gert er. Samtökin Vernd hafa beitt sér fyrir ýmsu til hjálpar þessum forsómuðu ógæfumönnum. Mest munar þar um séra Jón Bjarman, sem í vetur hefur unnið á vegum samtakanna. Séra Jón heimsækir Litla-Hraun að jafnaði þrisvar í mánuði, og hann er næstum daglegur gestur í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Flutningsmaður hefur fylgzt nokkuð með þessu starfi Jóns og rætt við hann allmikið um þessi mál. Eftir þau kynni virðist flutningsmanni sjálfsagt, að séra Jón Bjarman verði flestum mönnum frekar hafður með í ráðum, ef einhvern tíma yrði af alvöru hafizt handa um endurbætur í fangelsismálum á Íslandi.

Það skal tekið fram, til að fyrirbyggja misskilning, að af Litla-Hrauni er sömu sögu að segja eins og úr Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, að fangarnir bera yfirleitt hlýjan hug til fangavarðanna. Fangar og fangaverðir eru flestir mestu mátar, — flestir.

Ástandinu í fangelsismálum Íslendinga verða ekki gerð nein tæmandi skil í þessari greinargerð. Þau eru svo mörg, trén í þessum frumskógi, að það tekur sinn tíma að benda á þau öll. Hér hefur til að mynda ekkert verið rætt um þann þátt, sem snertir „úttektir“, eins og fangarnir nefna afplánun dóma, og embætti „úttektarstjóra“, sem ákveður, hvaða menn skuli settir inn — og hvenær. Öll er sú historia býsna skrytin, svo að ekki sé meira sagt, og spinnast inn í hana margir þræðir, þar á meðal grunsemdir fanganna, meira og minna rökstuddar, um linkind í garð „hinna“. „Hinir“ eru á máli fanganna þeir, sem í krafti þjóðfélagsaðstöðu sinnar hafa framið stórhjófnaði, en sleppa svo, að dómi fanganna, við refsingu vegna þessarar sömu þjóðfélagsaðstöðu. „Við erum hérna“, segja fangarnir. „Hvar eru hinir?“

Kannski gefst síðar tækifæri til að rekja þá sögu nánar — og fleiri slíkar.

Greinargerð þessari er ekki ætlað að fjalla náíð um endurbætur í fangelsismálum þjóðarinnar. Flutningsmaður er enginn sérfræðingur á því sviði. En honum virðist sjálfsagt, að framkvæmdum verði hagað í anda þeirrar stefnu, sem nú er

uppi í fangelsismálum hjá nágrannaþjóðum okkar: meira frjálsræði. Jafnvel hin minnsta tilslökun, til að mynda leyfi handa föngum til að horfa á sjónvarp, getur orðið til stórra bóta, eins og dæmið frá Litla-Hrauni sannar.

Tilgangurinn með þessari greinargerð er ekki heldur sá að ræða til hlitar orsakir afbrota. Tilgangurinn er aðeins sá að sýna, að sú meðferð, sem þjóðfélagið veitir afbrotamönnum, stefnir ekki að því að lækna mein þeirra, heldur þvert á móti.

Til þess að orsakir afbrota verði raktar til hlitar, þarf að koma til meiri þekking en flutningsmaður hefur til að bera, þekking sálfræðinga og annarra þeirra, sem lærðir eru í vísindum þeim, sem að afbrotum lúta. En að svo miklu leyti sem flutningsmanni eru kunnug mál einstakra fanga, virðist honum, að margir þeirra, — jafnvel meirihlutinn, — séu að taka út refsingu fyrir verknaði, sem í eðli sínu voru skyldari slysi en glæp. Menn verða oftár en ekki „afbrotamenn“ vegna taugabilunar, skyndilegrar geðtruflunar, ofneyzlu áfengis eða eiturlyfja, og rétti staðurinn fyrir slíka menn er að sjálfsögðu ekki fangelsi, allra sízt fangelsi eins og þau, sem velferðarríkið íslenzka lætur sér sæma að reka, heldur sjúkrahús.

Andlegur vanþroski getur líka legið til grundvallar afbrotum. Um vinnubrögð réttvísinnar að því er slík tilfelli varðar — og raunar um vinnubrögð íslenzkrar réttvísi yfirleitt — talar eftirfarandi dæmi sínu máli: Ungur piltur hafði gerzt brotlegur við löginn. Athugun sýndi, að vitsmunalíf hans var afbrigðilegt. En úrskurðurinn var á þá leið, að hann væri ekki nógu geðveikur til þess að vera á Kleppi; ekki nógu vangefinn til þess að vera á Kópavogshælinu; þess vegna var hann settur í fangelsi.